



## 1. bekkur - Námsgrein: SAMFÉLAGSFRÆÐI & Náttúrufræði - Kennari: Lára Dís Richarðs - Tímafjöldi: 4

### Námsgögn:

Komdu og skoðaðu heiminn, Sagan um Týslu – ýmis önnur gögn

### Lykilhæfni:

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- tjáning og miðlun
- skapandi og gagnrýnin hugsun
- sjálfstæði og samvinna
- nýting miðla og upplýsinga
- ábyrgð og mat á eigin námi

### Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun*. Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.

### Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í meginráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- *í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggt er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.*
- *með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.*


**Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.**

- Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.

| Námsþættir          | Hæfniviðmið                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 | Náms- og kennsluaðferðir                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | Námsmat                                                                                                                                                        |
|---------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Ég og umhverfi mitt | <p>Samfélagsgreinar: nemandi á að geta</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi</li> <li>• áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna</li> <li>• áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi</li> <li>• varist hættur á heimili sínu og í nágrenninu</li> <li>• sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum</li> <li>• áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform með ólíkan bakgrunn</li> <li>• borið virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum</li> </ul> <p>Náttúrugreinar: nemandi á að geta</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• lestur. -</li> <li>• umræður. -</li> <li>• paravinna, hópavinna og einstaklingsvinna. -</li> </ul> <p>Á yngstastig er kennsla í samfélags- og náttúrufræði mjög samtvinnuð annarri kennslu og byggist að miklu leyti á skólafærni.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• innlagnir (smáfyrirlestrar)</li> <li>• lesið, spurt og spjallað</li> <li>• heimilda- og kvikmyndaáhorf</li> <li>• lausnaleitanám</li> <li>• samvinnunám</li> <li>• hugstormun</li> </ul> | Leiðsagnarmat og símat fer fram allt skólaárið samofið námi og kennslu. Nemendur vinna stór og smá einstaklings- og hópverkefni sem öll eru hluti af lokamati. |



## Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025-2026

|                            |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |  |       |
|----------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|-------|
| Líkaminn                   | <p>Samfélagsgreinar: nemandi á að geta</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti</li> <li>• Bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim</li> <li>• áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði</li> </ul> <p>Náttúrugreinar: nemandi á að geta</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans</li> <li>• útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans</li> <li>• útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns</li> </ul> |  | Símat |
| Húsdýrin<br>1.og 2. bekkur | <p>Náttúrugreinar; nemandi á að</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• þekkja algengustu húsdýrin á Íslandi og sérkenni þeirra</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |  | Símat |
|                            |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |  |       |
|                            |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |  |       |



|  |  |  |  |
|--|--|--|--|
|  |  |  |  |
|--|--|--|--|

| ANNARÁÆTLUN     |                                                                                                                                                                                     |                                                |                 |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
|-----------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------|-----------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Tímabil         | Viðfangsefni                                                                                                                                                                        | Námsefni                                       | Dagsetning mats | Annað                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |
| Ágúst - Júní    | Persónan ég<br>Umhverfið mitt<br>Skólinn minn<br>Vinátta<br>Nærumhverfi<br>Árstíðir – Tré<br>mannslíkaminn,<br>húsdýr og gæludýr,<br>umferðin, trú, sjálfsmyndin<br>og fjölskyldan. | Komdu og skoðaðu heiminn<br><br>Sagan um Týslu |                 | Markmið: <ul style="list-style-type: none"> <li>• vekja áhuga nemenda á yngsta stigi í náttúru- og samfélagsgreinum og virkja innri áhugahvöt þeirra</li> <li>• efla læsi í víðu samhengi s.s. merkjalæsi, myndalæsi, kortalæsi, samfélagslæsi, samskiptalæsi og líkamstjáningu</li> <li>• virkja ímyndunarafl og sköpunargáfu nemenda ásamt gagnrýninni hugsun</li> <li>• þjálfa nemendur til vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra</li> <li>• hvetja til sjálfstæðrar þekkingarleitar</li> <li>• efla ritun og orðaforða nemenda</li> <li>• samþætta yfirferðina við skólastarfið í heild sinni, nærumhverfið og samfélagið</li> <li>• að læra í gegnum hreyfingu, leiki og þrautir, inni sem úti.</li> </ul> |
| Ágúst-september |                                                                                                                                                                                     |                                                |                 |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025-2026

|  |  |  |  |  |
|--|--|--|--|--|
|  |  |  |  |  |
|  |  |  |  |  |
|  |  |  |  |  |
|  |  |  |  |  |
|  |  |  |  |  |
|  |  |  |  |  |
|  |  |  |  |  |
|  |  |  |  |  |
|  |  |  |  |  |
|  |  |  |  |  |

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.